

REGLUR

um breytingu á reglum um smíði og búnað íslenskra skipa nr. 327/1977.

Hluti A.

Reglur um smíði fiskiskipa úr stáli allt að 50 m að lengd.

1. gr.

Grein 1719 orðist svo:

Varastýrisbúnaður. Öll skip skulu búin varastýrikerfi til stjórnar skipinu ef aðalstýrisbúnaður bilar. Sé stýrisvél eingöngu rafdrifin skal neyðarbúnaður vera handknúin vökvadæla eða annar samþykktur jafngildur búnaður, sem hægt er að grípa til þegar í stað, ef straumrof verður.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 51/1987 um eftirlit með skipum birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli, og staðfestist til að öðlast gildi sem hér segir:

1. Þegar í stað fyrir ný fiskiskip og fiskiskip, sem stýrisbúnaði er breytt á.
2. Hinn 1. júní 1991 fyrir öll önnur fiskiskip, sem ekki eru búin varastýrisbúnaði samkvæmt 1. gr. við birtingu reglanna.

Samgönguráðuneytið, 21. september 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Eskifjarðarkaupstað.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Eskifjarðar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, hefur verið ákveðið að banna alla umferð fjórhjóra/dvergieppa utan vega í landi Eskifjarðarkaupstaðar nema til björgunar- og leitarstarfa.

Ákvörðun auglýsingar þessarar tekur gildi nú þegar.

Lögreglustjórinn á Eskifirði, 27. september 1989.

Inger L. Jónsdóttir, ftr.